Birtist á Pressan.is, 22. apríl 2010.

Hörður á hrós skilið

Jón Steinsson

Mikilvægum áfanga var náð síðastliðinn föstudag þegar Landsvirkjun upplýsti loks um verð á raforku til stóriðju. Upplýsingar um orkuverð til stórirðu eru forsenda upplýstrar umræðu um áframhaldandi stóriðjuframkvæmdir á Íslandi. Það að ríkisfyrirtækið Landsvirkjun skyldi halda jafn mikilvægum upplýsingum leyndum fyrir almenningi var arfleifð úreltrar hugsunar frá fyrri tíð. Birting þessara upplýsinga er mikilvægt skref á leið okkar til betra samfélags, hins svokallaða „nýja Íslands“.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, á raunar alveg sérstakt hrós skilið í þessu sambandi. Hann hefði auðveldlega geta einungis birt algerar lágmarksupplýsingar á hátt sem erfitt var að lesa úr. Þetta gerði Hörður ekki. Þvert á móti setti hann fram mikið magn upplýsinga á sérstaklega aðgengilegan hátt. Hann birti til dæmis verðið alla leið aftur til 2002 og bar það saman við meðalverð á raforku til álvera á heimsvísu. Þetta eru nákvæmlega þær upplýsingar og sá samanburður sem nauðsynlegt er að sé til staðar.

Eins og marga hefur grunað, kom í ljós að Landsvirkjun hefur í gegnum tíðina selt orku til stóriðju á lægra verði en meðalverð á heimsmarkaði. Munurinn virðist vera um 20% að meðaltali. Þetta er talsverður munur og það er ljóst að arðsemi Landsvirkjunar væri mun meiri ef orkuverðið til stóriðju væri jafnt meðalverði á heimsmarkaði. En ég verð að viðurkenna að ég hafði óttast að „afslátturinn“ af heimsmarkaðsverði sem Landsvirkjun hefur verið að veita Alcoa og Rio Tinto væri meiri.

Þessar upplýsingar um verð til stóriðju vekja upp eftirfarandi spurningu: Af hverju er Landsvirkjun að selja íslenska náttúru á svo lágu verði? Ísland hefur marga kosti fram yfir önnur lönd þar sem álrisar hafa kost á að byggja álbræðslur. Mér er ekki ljóst af hverju við þurfum að veita afslátt. Vonandi verður það ekki gert upp frá þessu.

Þessar upplýsingar gefa einnig ákveðna vísbendingu um það hversu mikið svigrúm íslensk stjórnvöld hafa til þess að leggja á auðlindagjöld án þess að þau eigi það á hættu að hrekja fyrirtækin í burtu. Auðlindagjöld sem jafngiltu um 20% hækkun á orkuverði myndu einungis hækka kostnað álfyrirtækjanna þannig að hann væri jafn meðaltali í heiminum.

Vitaskuld þurfa stjórnvöld að passa orðspor sitt varðandi framkomu við erlend fyrirtæki sem leggja í miklar óafturkræfar fjárfestingar á Íslandi. En aðgerð sem einungis miðar að því að tryggja að íslensk náttúra sé ekki seld langt undir heimsmarkaðsverði rúmast að mínu mati innan þess sem ætti að teljast eðlilegt eða sanngjarnt í samskiptum stjórnvalda við erlenda langtímafjárfesta.